

Rangárþing eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 3. maí 2023
UST202304-128/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag, tjaldsvæði, Litli-Dímon í Rangárþingi eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Litla – Dímon þar sem er gert ráð fyrir tjaldsvæði.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er um 3,2 ha að stærð þar sem gert ráð fyrir uppbyggingu tjaldsvæðis og tengdrar þjónustu þar sem fjöldi gesta sé um 200 manns hverju sinni. Tillagan gerir einnig ráð fyrir bílastæðum, göngustígum, leiksvæði, gróðurbeltum og 200 m² þjónustuhúsi.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er að hluta til á náttúruminjaskrá og nefnist verndarsvæðið Litla- og Stóra-Dímon og er númer 717 sem aðrar náttúruminjar. Verndarsvæðið afmarkast á höfðunum Litla- og Stóra-Dímon, í landi Eyvindarkots, ásamt nánasta umhverfi. Svæðinu er lýst sem svipmíklum, stökum móbergshöfðum.

Mikilvægt er að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar og svæðið afmarkað á uppdrætti.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögjín háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Umhverfisstofnun bendir á að tjaldsvæðið fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru a.m.k. 10 ha og þessi svæði óháð stærð á verndarsvæðum, falli undir B-flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið á náttúruminjaskrá Litla- og Stóra-Dímon fellur undir verndarsvæði skv. a. lið iii. liðar 2. tölu. 2. viðauka laga nr. 111/2021.¹

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021111.html>